

JÓNSMÓT

MINNINGARMÓT UM JÓN BJARNASON

8.-9 MARS 2013

Dalvík 5. mars 2013

Ágæti viðtakandi

Skíðafélag Dalvíkur boðar til árlegs skíðamóts með sundívafi sem haldið er til minningar um Jón Bjarnason, sem var einn af stofnendum félagsins. Mótið fer fram dagana **8.- 9. mars n.k.** Það er ætlað **9-13 ára** börnum af öllu landinu. Keppni er að hluta til með óhefðbundnu sniði, keppt verður í stórsvigi (1 umferð), 25 metra bringusundi í 9-10 ára flokki, 50 m bringusundi í 11-13 ára flokki og svigi (2 umferðir). Verðlaun verða veitt fyrir hverja grein í hverjum aldursflokki og einnig verða verðlaun fyrir tvíkeppni, þ.e. stórsvig/sund.

DAGSKRÁ

Föstudagur 8. mars –Stórsvig. Kvöldmót keyrt í ljósum

- Kl. 17:00 Afhending númera og lyftukorta í Brekkuseli. ATH fararstjórar mæti fyrir hönd viðkomandi félags.
- Kl. 18:30 Brautarskoðun 9-13 ára
- Kl. 19:15 Start 9-10 ára (ath aðeins ein ferð)
- Kl. 20:30 Start 11-13 ára (ath aðeins ein ferð)
- Kl. 22:00 Fararstjórafundur í Promens, fundurinn verður strax að lokinni keppni

Laugardagur 9. mars – Svig og sund

- Kl. 10:00 Brautarskoðun 11-13 ára fyrri ferð
- Kl. 10:45 Fyrri ferð svig 11-13 ára
- Kl. 11:15 Brautarskoðun 9-10 ára fyrri ferð
- Kl. 12:00 Fyrri ferð svig 9-10 ára
- Kl. 13:00 Brautarskoðun 11-13 ára seinni ferð
- Kl. 13:45 Seinni ferð svig 11-13 ára
- Kl. 14:15 Brautarskoðun 9-10 ára seinni ferð
- Kl. 15:00 Seinni ferð svig 9-10 ára
- Kl. 17:30 Start sund
- Kl. 18:30 Sundlaugarpartí í Sundlaug Dalvíkur
- Kl. 19:30 Verðlaunaafhending og mótsslit

Sunnudagur 10. mars

Varadagur, ef veður verður til vandræða.

Veitingar, verðlaunaafhending og mótsslit verða í andyri Íþróttamiðstöðvar Dalvíkurbyggðar (Sama húsnæði og sundlaugin er í) að móti loknu.

Mótshaldarar áskilja sér rétt til breytinga á dagskrá.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá er hægt að senda tölvupóst á netfangið
jonsmot@gmail.com

Bestu kveðjur,
Mótanefnd Skíðafélags Dalvíkur